# Haustskýrsla kjaratölfræðinefndar 2023

Kynning 14. desember 2023

Hrafnhildur Arnkelsdóttir
Arnaldur Sölvi Kristjánsson

# Áður en lengra er haldið

- Skýrslur nefndarinnar taka mið af kjarasamningslotum frekar en almanaksárum, ársfjórðungum eða mánuðum.
- Yfirstandandi kjarasamninglota er skilgreind frá nóvember 2022.
- Kjarasamningar aðila komu til framkvæmda á mismunandi tímapunktum og samanburður því oft erfiður.
- Talnaefni tekur mið af þróun launa á tímabilinu nóvember 2022 til júlí 2023 og gerir grein fyrir launastigi í maí 2023.
- Byggt er á greiningum frá Hagstofu Íslands og því hægt að bera talnaefni KTN saman við opinbera launatölfræði.
- Efnahagsumfjöllun tekur mið af stöðunni í dag.

# Samsetning




Samsetning sýnir vægi markaða og heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups árið 2022

# Núverandi kjarasamningslota

- Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði tóku almennt gildi 1. nóvember 2022 en 1. apríl 2024 á opinberum markaði
- Kjarasamningar byggðu á blandaðri leið krónutölu- og hlutfallshækkana
    - Á almennum markaði: 6,75% almenn launahækkun, 66 þúsund króna hámarkshækkun, 33 þúsund króna hækkun mánaðarlauna utan taxta hjá SGS og Eflingu.
    - Hjá ríkinu: 35 þúsund króna lágmarkshækkun, 6,75% almenna launahækkun með 66 þúsund króna þak á fyrsta launaþrepi. Bil milli þrepa héldu sér í prósentum.
    - Hjá sveitarfélögum: 35 þúsund króna lágmarkshækkun, 6,75% almenn launahækkun með 66 þúsund króna hámarki. Viðbótarhækkun á lægstu laun í sumum samningum. Bil milli þrepa héldu sér í prósentum.



# Launaþróun í núverandi kjarasamningslotu

## Vísitala grunntímakaups, breyting frá nóvember 2022 til júlí 2023 (nóvember 2022=100)




## Breyting á kaupmætti grunntímakaups frá nóvember 2022 til júlí 2023




| Samtals | 9,4% | 9,5% | 9% | 9% | 8,9% |
|---|---|---|---|---|---|

# Launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Hækkun grunntímakaupa frá nóvember 2022 til júlí 2023 eftir mörkuðum og heildarsamtökum.

Hóparnir eru misstórir og hafa mismikið vægi inn í heildarniðurstöður.



# Síðasta kjarasamningslota 2019-2022

Breyting á grunntímakaupi skipt eftir launahækkun og hækkun vegna vinnutímastyttingar.

Hjá hópum þar sem launastig er að jafnaði lægra voru hlutfallslegar launahækkanir meiri vegna krónutöluhækkana.



# Launastig í maí 2023

Grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun hjá fullvinnandi launafólki skipt eftir mörkuðum og heildarsamtökum.

Hóparnir eru misstórir og hafa mismikið vægi inn í heildarniðurstöður.

Ólík samsetning starfa í hópum hefur áhrif á launastig.



# Efnahagsmál

Hagvaxtaspár sem gerðar voru seinni hluta 2023 eru hóflegri en á fyrri hluta ársins.




Ársverðbólga fór úr 10,2% í febrúar í 8,0% í nóvember. Spár gera ráð fyrir að verðbólga muni lækka hægt.



# Vinnumarkaður

Töluverð fjölgun fólks á vinnumarkaði. Mest í einkennandi greinum ferðaþjónustu. 12 mánaða breyting í fjölda starfandi.




Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að spenna ríki á vinnumarkaði en að dregið hafi úr þeirri spennu á síðustu mánuðum.



# Umræður og fyrirspurnir